

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu og afgreiðslu skipulags-, lóða-, framkvæmda- og umhverfismála í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin gildir fyrir þjónustu og afgreiðslu skipulags-, lóða-, framkvæmda- og umhverfismála í Mýrdalshreppi.

2. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, sækir um lóð eða framkvæmdaleyfi, eða óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfu skipulags- og umhverfissviðs, skuli greiða þann kostnað sem afgreiðsla, leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér.

Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna:

Umsýslu málsins og móttöku þess.

Yfirferðar gagna og uppdráttar.

Nauðsynlegra auglýsinga og kynninga.

Úttektar og útgáfu vottorða.

Skráningarvinnu hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Annars kostnaðar sem afgreiðsla málsins kann að fela í sér.

Annarrar þjónustu sem skipulags- og umhverfissvið veitir.

Sveitarstjórn getur þó ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Gjaldskráin sýnir viðmiðunargjald miðað við hefðbundinn tíma og kostnað einstakra mála. Ef kostnaður vegna vinnu skipulags- og umhverfisfulltrúa eða aðkeyptrar þjónustu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og umhverfisfulltrúa sem er 23.000 kr./klst., eða gjald samkvæmt reikningi vegna aðkeyptrar vinnu.

3. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald:

Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um skipulagsbreytingar, lóðamál, framkvæmdaleyfi eða umhverfismál. Afgreiðslugjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði skipulags- og umhverfissviðs við móttöku og yfirferð erindis sem lagt er fram til afgreiðslu hjá skipulags- og umhverfisfulltrúa eða á fundi skipulags- og umhverfisráðs. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna skipulags- og umhverfisfulltrúa hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á fundi.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður:

Kostnaður skipulags- og umhverfissviðs við undirbúning og umsýslu erindis til kynningar og/eða auglýsingar.

4. gr.

Innheimta gjalda og gjalddagi.

Skipulags- og umhverfissvið sveitarfélagsins skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd sveitarfélagsins.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá skal innheimta við tilkynningu niðurstöðu frá fundi skipulags- og umhverfisstjórnar eða sveitarstjórnar.

Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðal- eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis.

Afgreiðslugjald vegna lóðamála skal greiða samhliða skráningu til HMS.

Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða samhliða útgáfu leyfisins.

Önnur þjónustugjöld skulu greiðast samhliða því að verk er unnið.

5. gr.

*Gjald fyrir skipulagsvinnu.**Aðalskipulagsbreytingar:*

Afgreiðslugjald	23.000 kr.
Vinna við breytingu á aðalskipulagsuppdraetti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður – verulegar breytingar, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	295.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður – óveruleg breyting, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	95.000 kr.

Deiliskipulag:

Afgreiðslugjald	23.000 kr.
-----------------	------------

Nýtt deiliskipulag:

Vinna við gerð nýs deiliskipulags með lýsingu, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikningi
Vinna við gerð nýs deiliskipulags án lýsingar og kynningar, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, með lýsingu, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	230.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, án lýsingar sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	160.000 kr.

Verulegar breytingar á deiliskipulagi:

Vinna við breytingu á deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	160.000 kr.

Óverulegar breytingar á deiliskipulagi:

Vinna við breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður án grenndarkynningar, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	23.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður með grenndarkynningu (fjórir eða færri), sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	60.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður með grenndarkynningu (fimm eða fleiri), sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	90.000 kr.

Grenndarkynning byggingar- eða framkvæmdaleyfis (deiliskipulag ekki fyrir hendi):

Grenndarkynning (fjórir eða færri), sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	60.000 kr.
Grenndarkynning (fimm eða fleiri), sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	90.000 kr.

6. gr.

Lóðamál.

Afgreiðslugjald	23.000 kr.
Umsýsla og staðfesting merkjalýsingar skv. lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024	48.000 kr.
Breyting á skráningu í fasteignaskrá HMS fyrir eina lóð eða stofnun millilóðar	12.000 kr.
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar og gerð lóðarleigusamnings	150.000 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi vegna eldri lóðar	50.000 kr.
Rafræn lóðarblöð fyrir leigulóðir (CAD)	35.000 kr.
Gjald vegna útsetningar húss, fyrir hverja mælingu	32.000 kr.

7. gr.

Framkvæmdaleyfi o.fl.

Afgreiðslugjald	23.000 kr.
Framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðmiðunargjald	98.000 kr.
Umfangsmiklar framkvæmdir, með eftirlit	skv. reikningi
Aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	38.000 kr.
Umsögn sveitarstjórnar vegna rekstrarleyfa	34.500 kr.

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru óafturkræf þó að leyfi falli úr gildi.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2021 í maí 2026 (128,8 stig) og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Með samþykki gjaldskrár þessarar fellur úr gildi núverandi gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi nr. 1095/2020.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 29. júní 2026.

Vik, 4. ágúst 2026.

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 25. ágúst 2026